

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2011 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá 2. minni hluta iðnaðarnefndar.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 21. október 2010. Nefndin hefur fengið á sinn fund Ingu Ósk Jónsdóttur og Kristján Skarphéðinsson frá iðnaðarráðuneyti.

Heildarútgjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2011 eru áætluð 5.501,8 m.kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 773,1 m.kr. sem nema 14% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 4.728,7 m.kr. og af þeirri fjárhæð eru 4.672,5 m.kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 56,2 m.kr. innheimtar af ríkistekjum.

Nefndin hefur tekið til umfjöllunar og meðferðar þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að nefndinni. 2. minni hluti iðnaðarnefndar getur ekki tekið undir álit meiri hlutans og telur að lækkun fjármuna til Háskólaseturs Vestfjarða og Fræðslunets Austurlands hafi neikvæð áhrif á verkefni og svæðin í heild nema menntamálaráðuneytið bæti upp það sem iðnaðarráðuneytið tekur út í frumvarpi þessu. Jafnvel má fullyrða að grundvelli þessara verkefna sé stefnt í hættu. Svo virðist sem ráðuneyti menntamála og iðnaðaráðuneyti hafi ekki sameiginlega sýn með þessi verkefni.

Annar minni hluti telur að fyrirhuguð lækkun á framlagi til niðurgreiðslu húshitunar geti m.a. haft þær afleiðingar að það dregst að hitaveituvæða þau svæði sem eftir eru og þar sem hagkvæmt er að gera slíkt. Það er óhagkvæmt fyrir alla aðila því hitaveita er miklu hagkvæmari til lengri tíma og sparar þannig öllum fjármuni. Þá er augljóst að verði minna niðurgreitt af orkunotkun þýðir það kjaraskerðingu fyrir þau heimili og fyrirtæki sem njóta niðurgreiðslu. Með þessu er aukið á mismun í samfélaginu milli heitra svæða og kaldra sem nógur er fyrir.

Þá gagnrýnir 2. minni hluti þá ráðstöfun að fella niður fjárheimild liðanna 11-299-150 og 11-599-190. Svo og virðist sem iðnaðarráðuneytið sé eina ráðuneytið sem grípur til slíkra aðgerða og nær með því stórum hluta niðurskurðar ráðuneytisins. Þær 79,5 m.kr. sem teknar eru af safnliðum virðast ekki hækka aðra sambærilega liði s.s. sjóði sem veita fé í hin ýmsu verkefni. Þetta er mjög sérstakt í ljósi þess að önnur ráðuneyti fara ekki þessa leið, mörg þörf verkefni hafa fengið fjármögnun í gegnum iðnaðarnefnd og ljóst að samræming er engin milli ráðuneyta og nefnda varðandi þessi mál.

Á árinu 2010 var varið 400 m.kr. í markaðssetningu Íslands vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Meðal þess sem ráðist var í er verkefnið „Inspired by Iceland“. Fullyrða má að Eyjafjallajökull hafi athygli á Íslandi og tekist hafi að snúa vörn í sókn með því að nýta athyglina. Mikil tækifæri eru í því að halda áfram á sömu braut og nýta meðbyrinn. Stjórnvöld virðast hins vegar ekki ætla að nýta hann þar sem 400 m.kr. framlagið er skorið af ásamt 100 m.kr. til viðbótar. 2. minni hluta þykir það afar undarleg ráðstöfun þegar tækifæri er að fylgja eftir athyglinni sem landið hefur fengið og tryggja þannig auknar gjaldeyrisstekjur af ferðamönnum.

Byggðastofnun hefur fengið aukningu á eigin fé vegna þess taps sem stofnunin hefur orðið fyrir enda ríkisstofnun sem vinnur samkvæmt. lögum og stefnu ríkisvaldsins. Ef um hlutafélag væri að ræða hefði þurft að auka hlutafé eða fara í þrot. Rekstur Byggðastofnunar er skorinn niður um 81 m.kr. og vísað til taps á rekstri lánasviðs stofnunarinnar sem gert er að standa undir þeim rekstri. Byggðastofnun er í eðli sínu áhættulánastofnun og ekki óeðlilegt að áhætta af verkefnum sé meiri en hjá öðrum enda spila önnur atriði inn í lánamatið svo sem byggðasjónarmið, atvinnusjónarmið o.fl. Stofnunin hefur trúlega um tvo kosti að velja til að mæta þessum niðurskurði, annars vegar að minnka umsvif með fækkun starfsfólks eða hins vegar að hækka vexti til að standa undir rekstrinum. Hvorugt er í raun gott þar sem full þörf er á öflugum lánasviði og fjármunum á kjörum sem gagnast þeim sem stofnunin á að þjóna. Mikilvægt er að ríkisvaldið sé á hverjum tíma með skýra stefnu í byggðamálum en slíkt skortir algjörlega. Líkt og aðrar lánastofnanir hefur Byggðastofnun þurft að afskrifa töluvert af útlánnum og nemur afskrift stofnunarinnar um 300 m.kr. Þá hefur komið fram að vegna ákvörðunar landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra um að gefa rækjuveiðar frjálssar þarf stofnunin að afskrifa um 700 m.kr. Ákvörðunin ber vott um skort á yfirsýn og mati á afleiðingum stjórnvaldsákvæðana. Fram hefur komið að leggja þarf stofnuninni til aukið eigið fé sem nemur um milljarði króna. Ekki virðist gert ráð fyrir þeim fjármunum í frumvarpinu og er það ámælisvert.

Alþingi, 19. nóvember 2010  
Gunnar Bragi Sveinsson